

Ytra mat grunnskóla

# Súðavíkurskóli

Október 2021

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir  
mennta- og menningarmálaráðuneytið og Súðavíkurrepp.

Gunnhildur Harðardóttir og Þóra Björk Jónsdóttir.  
©Menntamálastofnun, 2021.  
ISBN 978-9979-0-2628-0

## Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna .....	4
Skólaprófill.....	6
Súðavíkurskóli.....	7
Niðurstöður .....	8
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta .....	8
1.1 Samvirkni í stefnumótun .....	8
1.2 Faglegt samstarf og samræða .....	9
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu .....	9
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga .....	10
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.....	10
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	11
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsfólks.....	11
Þáttur 2 – Nám og kennsla .....	13
2.1 Inntak og námskrá .....	13
2.2 Árangur náms .....	13
2.3 Gæði kennslu.....	14
2.4 Skipulag náms.....	14
2.5 Námsvitund .....	15
2.6 Ábyrgð og þátttaka .....	15
Þáttur 3 – Innra mat .....	17
3.1 Skipulag.....	17
3.2 Framkvæmd.....	17
3.3 Umbætur .....	17

## Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati Súðavíkurskóla í Súðavíkurreppi sem fór fram í október 2021. Lagt var mat á þrjá fyrir fram ákveðna matsþætti sem eru stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Ekki kom fram ósk frá skóla eða sveitarfélagi um fjórða matsþáttinn. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og sveitarfélagið að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram hér.

### *Stjórnun og fagleg forysta*

#### Styrkleikar

- Skólanámskrá og starfsáætlun innihalda flestar þær upplýsingar sem ætlast er til samkvæmt aðalnámskrá.
- Unnið er að innleiðingu leiðsagnarnáms í skólanum.
- Foreldrar eru ánægðir með skólastarfið og samskiptin við skólann.
- Daglegt starf er vel skipulagt.
- Greining á árangri nemenda á samræmdum prófum liggur fyrir ásamt umbótaáætlun.
- Litið er á starfsfólkið sem eina liðsheild.
- Jákvæð orðræða er meðal starfsfólks um skólastarfið.
- Samskipti eru almennt góð og boðleiðir stuttar.
- Sátt er í skólasamfélaginu um stjórnun skólans.
- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna starfið í skólanum.
- Í skólanum ríkir virðing milli nemenda og starfsfólks.

#### Tækifæri til umbóta

- Ljúka vinnu við nýja heimasíðu og taka eldri heimasíðu úr birtingu.
- Birta gögn skólans, svo sem skólanámskrá og starfsáætlun, opinberlega á heimasíðu.
- Skólaráð starfi í samræmi við lög.
- Skólaráð haldi árlega opinn fund með hagsmunaaðilum skólastarfsins.
- Huga að uppfærslu skólastefnu sveitarfélagsins.
- Gæta þess að skólareglur og viðurlög séu samkvæmt reglugerð um ábyrgð og skyldur.
- Efla aðkomu foreldra að stefnumótun við þróun og skipulag skólans.
- Halda fræðslufund með foreldrum um hugmyndafræði uppeldisstefnunnar *Uppbygging sjálfsaga*.
- Gera tilfærsluáætlun milli skólastiga fyrir nemendur með einstaklingsáætlanir.
- Ganga úr skugga um að upplýsingar berist til og frá skóla með þeim hætti að allir meðtaki þær á sama hátt.
- Í skólanámskrá verði settur fram sérstakur kafli um tilhögun foreldrasamskipta.
- Skrá og birta starfslýsingar annars starfsfólks en kennara.
- Samræma lykilmælingar í skólanámskrá og bekkjarvísunum.
- Kynna fyrir foreldrum og nemendum niðurstöður mats og mælinga.
- Gera áætlun yfir skimanir og kannanir sem nýttar eru til að athuga hvort nemendur þurfa sértæka aðstoð.
- Skrá og upplýsa um framgang þróunarverkefna.
- Skólastjóri fylgist markvisst og formlega með námi og kennslu og veiti kennurum endurgjöf.

## Nám og kennsla

### Styrkleikar

- Kennsludagar nemenda og kennslustundir eru umfram skyldu.
- Kannanir eru nýttar til að fylgjast með viðhorfum og árangri nemenda.
- Markvisst er fylgst með árangri nemenda og hann skráður.
- Kennarar sýna fagmennsku við kennslu og bekkjarstjórnun.
- Námsstími nemenda er vel nýttur og verkefni fjölbreytt.
- Nemendur eru virkir í kennslustundum.
- Ánægja ríkir meðala nemenda með fyrirkomulag kennslu.
- Samband nemenda og kennara er gott.
- Nemendur upplifa að þeir geti haft áhrif á skólastarfið og að hlustað sé á skoðanir þeirra.
- Ánægja nemenda af lestri og náttúrufræði er yfir landsmeðaltali.

### Tækifæri til umbóta

- Tryggja lögbundinn kennslustundafjölda í list- og verkgreinum á öllum aldurstigum.
- Birta námsvísa á heimasíðu skólans.
- Gera betur grein fyrir hæfniviðmiðum aðalnámskrár í áætlunum og tengingu þeirra við nám nemenda.
- Gera nemendum ljós námsmarkmið, viðmið um árangur og tengingu þeirra við markmið aðalnámskrár.
- Námsáætlun nemanda sé í samræmi við námsstöðu hans hverju sinni.
- Skrá í einstaklingsnámskrár hvenær endurmeta á stöðu nemenda.
- Huga að því að kennsla byggji á kennsluaðferðum sem leiða til samtals og samvinnu nemenda um námið.
- Aðgreina í námsmati þá þætti sem ekki tengjast hæfniviðmiðum námskrár, svo sem mætingu og hegðun.
- Efla tæknikunnáttu kennara.

## Innra mat

### Styrkleikar

- Innra mat er talið mikilvægt til eflingar faglegu skólastarfi.
- Skólinn nýtir fjölbreytt gögn við innra mat.
- Gerð er grein fyrir innra mati með umfjöllun um styrkleika og tækifæri til umbóta.

### Tækifæri til umbóta

- Birta umfjöllun um innra mat í sérskýrslu.
- Skipa teymi um innra mat með fulltrúum allra aðila skólasamfélagsins.
- Gera fyrri greinargerðir um innra mat opinberar.
- Vinna árlega greinargerð út frá niðurstöðum innra mats þar sem fram kemur mat á framgangi umbóta frá fyrra ári.
- Birta símenntunaráætlun.
- Gera heildstæða umbótaáætlun og tengja hana markvisst við símenntunaráætlun.

## Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahlutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófillar skóla eru ekki samanburðarhæfir.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsfólks	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

## Súðavíkurskóli

Reglulegt skólahald hófst í Súðavík árið 1891 þegar „Gamli skólinn“ var byggður en um 1930 var skólinn fluttur í Samkomuhúsið og síðan í hús kvenfélagsins og var þar fram til ársins 1951 þegar Súðavíkurskóli var stofnaður. Annar áfangi skólans var tekinn í notkun árið 1965 og þriðji áfanginn árið 1990 en þá voru tvær kennslustofur byggðar við skólann. Árið 1994 var byggt nýtt íþróttahús og haustið 1996 var viðbygging við grunnskólann tekin í notkun. Þar eru nú leikskóli, barnabókasafn, fjórar almennar kennslustofur, salur, eldhús, salerni og anddyri. Skólinn er þéttbýlisskóli og er samrekinn leik-, grunn- og tónlistarskóli.

Einkunnarorð og gildi skólans eru *velliðan, virðing, heiðarleiki og framfarir*.

Skólaárið 2021–2022 eru 12 nemendur í grunnskólanum og 11 nemendur í leikskólanum. Grunnskólanemendum er skipt í tvo námshópa, annars vegar 1. og 2. bekk sem er kennt í samkennslu og eru nemendur þar fjórir og hins vegar er nemendum í 6.–10. bekk kennt saman og eru þeir átta. Enginn nemandi er í 3.–5. bekk. Samkennsla er í grunn- og leikskólanum og koma fimm ára nemendur úr leikskólanum í samkennslu með 1.–2. bekk í tíu stundir á viku. Við skólann er á þessu skólaári starfandi frístund sem heyrir undir skólastjóra.

Nemendur í grunnskólanum af erlendum uppruna og/eða eru tvítyngdir eru tíu. Stuðningur og sérkennsla beinist að nemendum með fötlun og tungumálakennslu. Nám og kennsla einkennist af einstaklingsmiðun og aðlöguðu námsefni. Sundkennslan fer fram í Sundlaug Bolungarvíkur. Á skólaárinu stundar enginn nemandi nám á öðru skólastigi.

Starfsfólk leik-, grunn- og tónlistarskólans er alls 14. Einn skólastjóri stýrir skólastarfinu og er hann einnig með kennsluskyldu. Við grunnskólann starfa fimm kennarar og þar af eru þrír leiðbeinendur. Þá starfa við skólann stuðningsfulltrúi og matráður. Sálfræðingur er í verktakavinnu hjá sveitarfélaginu og hjúkrunarfræðingur sinnir skólahjúkrun.

### **Upplýsingar vegna Covid-19**

Skóla var lokað í tvo daga vegna Covid-19 skólaárið 2020–2021.

## Niðurstöður

### Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Samvirkni í stefnumótun	Faglegt samstarf og samræða	Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklags-reglur og áætlanir	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-------------------------	-----------------------------	---	---------------------------------	---------------------------------------	---------------------------------------	--

Ytri úttektir á skólanum voru gerðar árin 2002, 2009 og 2010. Sú úttekt sem vísað er til í þessari skýrslu var gerð á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis árið 2010.

Fjallað verður um þá þætti sem nefndir eru í þeirri umbótaáætlun og þarfnast enn umbóta í þessari skýrslu. Niðurstöður þeirrar úttektar má finna á slóðinni:

[https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/244/sudavikursk\\_uttekt\\_14\\_05\\_2010.pdf?sequence=1](https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/244/sudavikursk_uttekt_14_05_2010.pdf?sequence=1)

#### 1.1 Samvirkni í stefnumótun

Sveitarfélagið setti sér skólastefnu árið 2013 sem er sýnileg í flestum störfum skólans. Súðavíkurskóli er eina skólastofnun sveitarfélagsins og fellst sérstaða skólans í að vera fámennur samrekin leik-, grunn- og tónlistarskóli undir stjórn eins skólastjóra. Lögð er áhersla á að mæta hverjum og einum nemanda í aldursblönduðum námshópum. Skólastjóri tekur þátt í stefnumótun og ákvarðanatöku varðandi skólamál í sveitarfélaginu. Forysta um að mótuð sé sýn og stefna skólans er í höndum skólastjóra og að mati starfsfólks sem rætt var við tekur það þátt í þeirri mótun, meðal annars með árlegri endurskoðun skólanámskrár og áherslum sem settar eru í skólastarfinu. Foreldrar og nemendur hafa komu einnig að innleiðingu uppeldisstefnunnar *Uppbygging sjálfsaga – uppeldi til ábyrgðar* sem skólinn vinnur eftir.

Matsaðilar sáu stefnu aðalnámskrár og skólans birtast í námskrá skólans og daglegum störfum hans. Jákvæð orðræða var um skólastarfið hjá því starfsfólki sem rætt var við.

Skólanámskrá og starfsáætlun innihalda flestar þær upplýsingar sem ætlast er til samkvæmt aðalnámskrá. Þær eru hins vegar ekki opinberar þar sem ný heimasíða skólans inniheldur nánast engin gögn um skólann. Upplýsingar um frístundastarf eru af skornum skammti í skólanámskrá sem og með hvaða hætti tengslum við grenndarsamfélagið er háttað. Fram kom í viðtali við skólastjóra að samstarf sé við eldri borgara.

Skólanámskrá er sett fram fyrir grunnskólahlutann og er aðskilin frá leikskólanámskrá.

Fram kom að verið er að uppfæra heimasíðu skólans og átti því verki að vera lokið fyrir þetta skólaár. Svo er ekki og inniheldur núverandi heimasíða ekki þær upplýsingar sem æskilegt er að séu opinberar og aðgengilegar um skólann og skólastarfið. Fyrri heimasíða er enn aðgengileg á vef [Súðavíkurskóli / Fréttir \(sudavik.is\)](http://Súðavíkurskóli / Fréttir (sudavik.is)) án þess að vera virk í notkun.

Í skólanámskrá setur skólinn fram átta lykilhæfnipætti sem eru myndaðir úr grunnþáttunum sex og lykilhæfni aðalnámskrár og gerð er grein fyrir leiðum sem skólinn fer til að nálgast þá. Í bekkjarvísunum er sett fram lykilhæfni Súðavíkurskóla í námi en þeir þættir eru ekki samhljóma þeim sem eru í skólanámskrá.



## 1.2 Faglegt samstarf og samræða

Skólastjóri skapar starfsfólki svigrúm til starfsþróunar. Verið er að vinna að innleiðingu leiðsagnarnáms í sameiginlegri starfsþróun grunnskóla á norðanverðum Vestfjörðum. Að sögn kennara fer efling faglegrar þekkingar fram bæði með því að sækja námskeið og með því að nýta námskeið á netinu. Skólastjóri fylgist með þeirri starfsþróun sem starfsfólk sækir. Áætlun um starfsþróun nær til alls starfsfólks. Skólastjóri hvetur til starfsþróunar og reynt er að tengjast nærliggjandi sveitarfélögum til að mæta betur þörfum alls starfsfólks.

Kennarar og skólastjóri rýna sameiginlega í niðurstöður ytra gæðamats um árangur og líðan nemenda, svo sem samræmdra könnunarprófa og Skólapúlsins.<sup>1</sup> Niðurstöður eru nýttar til að efla skólastarfið.

Í rýnihópum kom fram að lítið er á starfsmannahópin sem eina liðsheild og lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarf í skólanum.

## 1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Leitast er við að skapa jákvæð tengsl við foreldra. Að mati foreldra sem tóku þátt í rýnihópi eru samskiptin yfirleitt góð og boðleiðir stuttar í fámennu samfélagi, „allir þekkja alla svo það er einfalt“.

Svör foreldra í könnun Skólapúlsins frá árinu 2020 gefa til kynna almenna ánægju með skólastarfið. Svarhlutfall í könnuninni var 100%. Svör foreldra eru oftast um eða yfir landsmeðaltali í flestum þáttum sem spurt er um. Marktækur jákvæður munur kemur fram á tveimur þáttum, ánægju foreldra með aðstöðu í skólanum og frumkvæði kennara í foreldrasamstarfi. Einn þáttur kemur sýnu verst út úr þessari könnun það er ánægja foreldra með heimasíðu skólans sem er marktækt minni meðal foreldra barna í Súðavíkurskóla en annarra foreldra sem taka þátt í Skólapúlsinum.

Í rýnihópi foreldra kom fram að þeir fái upplýsingar með tölvupósti og á Facebook en umsjónarkerfið Námfús er lítið notað af foreldrum. Foreldrar skólans eru flestir af erlendu bergi brotnir og fram kom að tungumálaörðugleikar geti valdið vanda. Foreldrar sögðust ekki hafa notað heimasíðuna að neinu marki, þeir fái námsvísa barna sinna á haustin og skóladagatalið afhent. Fram kemur í ytra mati 2010 að auka þurfi upplýsingaflæði til foreldra með bættri heimasíðu skólans.

Foreldrar komu að stefnumótun um þróun og skipulag skólans fyrir einhverjum árum en hafa ekki verið virkir undanfarin ár. Aðkoma foreldra er meðal annars í gegnum könnun Skólapúlsins, með skólaþingum sem samkvæmt skólastjóra eru haldin eru á nokkurra ára fresti og einnig gerir skólinn eigin foreldrakannanir. Eins og fram hefur komið vinnur skólinn eftir stefnunni *Uppbygging sjálfsaga* og samkvæmt foreldrum hafa þeir ekki fengið fræðslu um uppeldisstefnuna nýlega. Í ytra mati 2010 kom fram að vinna þyrfti með stefnuna innan skólans og með foreldrum.

Umfjöllun um tilhögun foreldrasamskipta er í skólanámskrá en er þar í kafla um matsáætlanir.

Frístund fyrir yngstu nemendur er á vegum skólans þegar þörf er á þeirri þjónustu en félagsmiðstöð sveitarfélagsins heyrir undir sveitarstjóra. Fram kom að gott samstarf er á milli félagsmiðstöðvar og skóla og aðsókn nemenda í félagsmiðstöðina er góð. Eins og fyrr segir er skólinn samrekinn leik-, grunn- og tónlistarskóli og samskipti markviss þar á milli. Tengsl við framhaldsskóla eru fyrst og fremst við Menntaskólann á Ísafirði.

---

<sup>1</sup> Skólapúlsinn er vefkerfi sem leggur staðlaðar foreldra-, nemenda- og starfsmannakannanir fyrir skóla.

Að sögn skólastjóra eru frekar lítil skipulögð tengsl við grenndarsamfélagið.

Síðastliðin tvö ár hefur skólaráð ekki verið starfandi við skólann. Að sögn skólastjóra hefur verið nær ógjörningur að fá fulltrúa til starfa í ráðinu og hefur hann því brugðið á það ráð að bera mál er annars ættu erindi til skólaráðs undir fræðslu-, tómsunda-, menningar- og kynningarnefnd Súðavíkurhrepps. Fram kom í viðtali við einn nefndarmanna að fulltrúar foreldra og kennara kæmu á fundina þegar við ætti. Með þessari framkvæmd eiga fulltrúar nemenda ekki beint aðkomu að umfjöllun um málefni skólaráðs eins og á að vera.

Þessi tilhögun er ekki í samræmi við ákvæði laga og gerð var athugasemd þar um í ytra mati 2010. Með því að fulltrúar skólasamfélagsins fjalli um málefni skólans má segja að fundist ákveðin lausn á vanda fámenns skóla.

#### 1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Mat á árangri og störfum er markvisst og birtist í skólanámskrá. Skólinn nýtir ytri mælingar svo sem samræmd könnunarpróf og Skólapúlsinn og birtir niðurstöður í skólanámskrá. Kennurum eru kynntar niðurstöður á fundum. Meðal annars hefur verið unnin greining á árangri nemenda á samræmdum könnunarprófum og skólaprófum ásamt leiðum til umbóta. Foreldrar og nemendur kannast hins vegar ekki við að hafa fengið aðra kynningu á niðurstöðum svo sem niðurstöður úr Skólapúlsinum annað en það sem birt er í skólanámskrá. Gögnin eru ekki opinber þar sem þau birtast ekki á heimasíðunni.

Skólastjóri tekur þátt í og stýrir innleiðingu þróunarverkefna. Fram kom hjá skólastjóra að bæta mætti skráningu og upplýsingar um framgang þróunarverkefna.

Greint er frá helstu þróunarverkefnum skólaársins í skólanámskrá. Símenntunaráætlun skólans er ekki birt í skólanámskrá en hefur verið kynnt starfsfólki. Áætlunin hefur tengingu við þróunarverkefni og að hluta til við umbótaáætlun skólans.

#### 1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Eins og áður hefur komið fram er heimasíða skólans óvirk. Í könnunum skólans sem birtar eru í kafla um matsáætlun í skólanámskrá og viðtölum matsaðila við starfsfólk og foreldra kemur fram að góð sátt er í skólasamfélaginu um stjórn skólans og störf skólastjóra talin farsæl. Daglegt starf er að mati starfsfólks vel skipulagt.

Áætlanir sem kveðið er á um að skulu vera til staðar í skólanámskrá eru þar flestar. Þó vantar þar upplýsingar um tilfærsluáætlun. Þar sem ekki starfar sérkennari við skólann en margir nemendur eru með sérþarfir er tilfærsluáætlun mikilvægur undirbúningur þegar nemandi fer milli grunn- og framhaldsskóla.

Skólareglur eru settar fram sem einkunnarorð skólans og skýr mörk í tengslum við uppeldisstefnuna sem skólasamfélagið hefur komið sér saman um. Þetta er að sögn skólastjóra og nemenda rætt á hverju hausti. Ekki eru sett fram viðurlög en tekið fram að brugðist verði við ef skýru mörkin eru ekki virt. Samkvæmt lögum þarf að gæta þess við endurskoðun að reglur og viðurlög rími við reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.

Nýlega voru settar símareglur í skólanum af nemendum og kennurum. Foreldrum var svo gerð grein fyrir þeim. Nemendur þekkja skýru mörkin og virða þau. Að sögn nemenda er á þá hlustað og tekið tillit til sjónarmiða þeirra.

Fylgst er með öryggi og aðbúnaði skóla og nefnt er að sveitarfélagið standi vel að því að sinna umbótum ef þarf.

#### 1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Matsaðilar sáu á vettvangi og fengu staðfest í viðtölum að skólastjóri og starfsfólk legðu rækt við jákvæð samskipti gagnvart öllum í skólastarfinu. Skólastjóri leitast við að menntun og sérhæfing kennara nýtist í störfum þeirra til að tryggja sem best gæði náms og kennslu. Hlutverki umsjónarkennara eru gerð skil í starfsáætlun en starfslýsingar annars starfsfólks eru ekki í þeim gögnum sem matsaðilar fengu.

Nálægðin og fámenni skólans gerir það að verkum að fylgst er með námi og kennslu ásamt öðrum störfum eða eins og fram kom hjá kennurum þá „fer ekkert fram hjá skólastjóranum“ en hvorki fer fram markvisst mat á kennslu né heldur formleg endurgjöf í framhaldi. Starfsþróunarsamtöl eru tvisvar á ári.

Fram kom í viðtölum að þar sem leik- og grunnskóli er samrekinn fer hluti starfsfólks milli skólastiga ef þarf til að sinna forföllum.

#### 1.7 Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsfólks

Skólastjóri sækir sér endurmenntun en að eigin mati mætti það vera meira. Hann sækir námskeið til að auka fagþekkingu innan skólans auk fræðslu hjá Skólastjórarálaginu. Skólastjóri hvetur starfsfólk til starfsþróunar og bendir á leiðir eða efni sem áhugavert er í því sambandi.

Að mati kennara fær sérfræðiþekking þeirra að njóta sín og þeim er treyst fyrir verkefnum. Skólastjóri nefnir í viðtali að hann vilji enn frekari valdeflingu og dreifingu ábyrgðar meðal starfsfólksins.

Þrisvar í viku er útivist að morgni þar sem kennarar og nemendur skólans hlaupa saman. Tvo morgna er samsöngur á sal. Kennarar nefna að skilningur sé ef þörf er á handleiðslu og skólastjóri hvetji starfsfólk til að huga að heilsunni.

#### Styrkleikar

- Skólanámskrá og starfsáætlun innihalda flestar þær upplýsingar sem ætlast er til samkvæmt aðalnámskrá.
- Unnið er að innleiðingu leiðsagnarnáms í skólanum.
- Foreldrar eru ánægðir með skólastarfið og samskiptin við skólann.
- Daglegt starf er vel skipulagt.
- Greining á árangri nemenda á samræmdum prófum liggur fyrir ásamt umbótaáætlun.
- Litið er á starfsfólkið sem eina liðsheild.
- Jákvæð orðræða er meðal starfsfólks um skólastarfið.
- Samskipti eru almennt góð og boðleiðir stuttar.
- Sátt er í skólasamfélaginu um stjórnun skólans.
- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna starfið í skólanum.
- Í skólanum ríkir virðing milli nemenda og starfsfólks.

#### Tækifæri til umbóta

- Ljúka vinnu við nýja heimasíðu og taka eldri heimasíðu úr birtingu.
- Birta gögn skólans, svo sem skólanámskrá og starfsáætlun, opinberlega á heimasíðu.

- Skólaráð starfi í samræmi við lög.
- Skólaráð haldi árlega opinn fund með hagsmunaaðilum skólastarfsins.
- Huga að uppfærslu skólastefnu sveitarfélagsins.
- Gæta þess að skólareglur og viðurlög séu samkvæmt reglugerð um ábyrgð og skyldur.
- Efla aðkomu foreldra að stefnumótun við þróun og skipulag skólans.
- Halda fræðslufund með foreldrum um hugmyndafræði uppeldisstefnunnar *Uppbygging sjálfsaga*.
- Gera tilfærsluáætlun milli skólastiga fyrir nemendur með einstaklingsáætlanir.
- Ganga úr skugga um að upplýsingar berist til og frá skóla með þeim hætti að allir meðtaki þær á sama hátt.
- Í skólanámskrá verði settur fram sérstakur kafli um tilhögun foreldrasamskipta.
- Skrá og birta starfslýsingar annars starfsfólks en kennara.
- Samræma lykifærniþætti í skólanámskrá og bekkjarvísunum.
- Kynna fyrir foreldrum og nemendum niðurstöður mats og mælinga.
- Gera áætlun yfir skimanir og kannanir sem nýttar eru til að athuga hvort nemendur þurfa sértæka aðstoð.
- Skrá og upplýsa um framgang þróunarverkefna.
- Skólastjóri fylgist markvisst og formlega með námi og kennslu og veiti kennurum endurgjöf.

## Þáttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námsvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	------------	--------------------

### 2.1 Inntak og námskrá

Skólastarf mótast af stefnu skólans, sveitarfélagsins og fræðsluyfirvalda. Matsaðilar sáu að borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum einstaklinga. Áherslur skólans eru á að mæta hverjum og einum þar sem hann er staddur með sveigjanlegum starfsháttum.

Matsaðilar fengu senda námsvísa skólans sem nemendur fá og kynntir eru foreldrum á fundi. Þar koma fram námsmarkmið sem stefnt er að í hverjum árgangi. Þessir námsvísar eru ekki á heimasíðunni. Samræmi er að mestu í því hvernig bekkjarvísar eru settir fram. Námsmarkmið vetrarins eru tilgreind, gerð er grein fyrir kennslufyrirkomulagi, námsefni og námsmati. Getið er um lykilhæfni skólans í þessum árgangaáætlunum, en eins og kemur fram í kafla 1.1 eru þetta ekki sömu lykilhæfnipættir og nefndir eru í skólanámskrá. Námsmarkmið í námsvísunum eru að hluta úrvinnsla skólans á hæfniviðmiðum aðalnámskrár en þar skortir að gera betur grein fyrir mörgum hæfniviðmiðum aðalnámskrár og hafa betri tengingu við þau sem unnið er með hverju sinni.

Ekki kemur fram í námsvísunum hvernig námsaðlögun er háttað í hverri námsgrein. Þar er iðulega nefnt að um samkenndu árganga sé að ræða en ekki er skráð hvernig árgangar vinna skipulega saman. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir nokkra nemendur, rökstuddar og innan ramma bekkjarnámskrár. Ekki er skráð í einstaklingsnámskrá hvenær endurmeta á stöðu í námi.

Í skólanum eru einn til þrjú nemendur í árgangi en engir nemendur eru í 3., 4. og 5. bekk. Nemendur í yngri deild eru fjórir og þar er að jafnaði einn stuðningsfulltrúi en í eldri hópnum eru átta nemendur að jafnaði með einn kennara. Við þessar aðstæður er hægt að huga að því að móta námskrár markvisst út frá stöðu einstaka nemenda í tengslum við þau viðmið sem sett eru fyrir árganga.

### 2.2 Árangur náms

Sýn skólans er að mæta eigi þörfum allra með viðeigandi námi og kennslu og sást það í viðmóti kennara og framkvæmd kennslunnar. Markvisst er fylgst með árangri nemenda og hann skráður. Nemendur skólans taka samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 9. bekk. Árangur nemenda skólans á samræmdum prófum er ekki birtur í skýrslunni vegna fámennis þar sem fjöldi nemenda í árgangi sem taka prófið hefur verið frá einum til fimm.

Skólinn nýtir lesfímikannanir Menntamálastofnunar til að fylgjast með lesfimi nemenda. Ekki eru birtar niðurstöður fámennra árganga hér í skýrslunni en fram kemur að lesfimi yngri árganga er undir landsmeðaltali en um og yfir landsmeðaltali hjá elstu nemendum.

Umfjöllun um námsmat er í skólanámskrá og þar er fjallað um marklista sem notaðir eru þegar unnið er með námsmat. Þar koma fram þeir þættir sem metnir eru en ekki hver viðmið um árangur eru. Markmið eru sýnileg en viðmið um árangur tengd námsgreinum eru ekki birt eða sýnileg almennt í skólanum.

### 2.3 Gæði kennslu

Matsaðilar sátu í tíu kennslustundum í mismunandi námsgreinum hjá öllum nemendum sem mættir voru og hjá þeim kennurum sem sáu um kennsluna meðan á vettvangsathugun stóð. Stefna skólans og áherslur sjást í kennsluháttum, námi og námsumhverfi nemenda. Kennarar sýna fagmennsku við kennslu og bekkjarstjórn. Flestar kennslustundir voru metnar góðar eða frábærar en þættir sem fram kom að mætti bæta tengjast því að gera nemendum grein fyrir markmiðum námsins og stuðla að samræðum og samvinnu nemenda um námið. Náms tími nemenda er vel nýttur og verkefni fjölbreytt.

Fram kom að markmið kennslustunda eru almennt ekki kynnt nemendum. Markmið stöku námsgreina voru skráð á töflu fyrir ákveðna árganga. Að sögn nemenda eru áætlanir sem þeir fá tengdar yfirferð, svo sem að reikna ákveðinn fjölda dæma heima.

Í kennslustundum sem matsaðilar sátu voru kennsluáherslur að meirihluta fræðandi, það er bein kennsla, þar sem kennslustundin einkennist af því að kennari er í hlutverki fræðara sem miðlar upplýsingum og nemendur vinna að mestu í verkefnabækur sínar. Leiðbeinandi kennsluáherslur voru í einni stund en þá var námið skipulagt þannig að nemendur höfðu virkt hlutverk við að stýra framvindu eða höfðu bein áhrif á framgang eigin náms.

Kennarar og foreldrar nefna að námsþörfum nemenda sé mætt og að þegar þörf er sé námið gert meira krefjandi. Fjölbreyttu námsmati er lýst í bekkjarvísunum. Í lýsingu á námsmati í bekkjarvísunum og í marklista sem matsaðilar fengu, sem sýnir atriði sem metin eru, er blandað saman mati á hæfni í námsgrein og mati á þáttum óskyldum hæfni í námsgrein. Þegar gefin er einkunn fyrir námsgrein þarf að hafa í huga að matið á að vera á þeirri hæfni sem nemandinn býr yfir í greininni samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrár.

Skólinn hefur sett sér sína lykilhæfni sem nefnd er í tengslum við námsmat í greinum. Æskilegt er að gera nemendum sérstaklega grein fyrir stöðu sinni í þeirri hæfni en blanda ekki saman við mat á hæfniviðmiðum aðalnámskrár. Matið verður þannig betur til þess fallið að nemandi geri sér, með hjálp kennara, grein fyrir næstu skrefum.

### 2.4 Skipulag náms

Skólinn er rúmgóður, bjartur, vinalegur og vel búinn námsgögnum. Kennarar og skólastjóri vinna saman að skipulagi skólastarfs og undirbúningi kennslu. Hvor námshópur er með umsjónarkennara og kennarar skipta með sér verkum eftir sérfræði eða hæfileikum hvers og eins. Samþætting námsgreina er þegar unnið er að þemaverkefnum.

Samkvæmt skóladagatali eru skóladagar alls 178, og vantar tvo daga til að ná tilskildum skóladagafjölda. Fræðsluyfirvöld geta með samþykki sínu á skóladagatali skólans samþykkt færri skóladaga en 180 til eins árs í senn. Samkvæmt skóladagatali eru kennsludagar 175 sem er fimm dögum umfram lágmarkskennsludaga.

Sund er kennt í Bolungarvík fram að jólum. Hvor hópur er tvo tíma í senn einu sinni í viku. Á vorönn er þessi tími val tími í eldri deild sem hefur auk þess val eina stund í viku allan veturinn.

Þegar stundaskrár námshópanna eru rýndar kemur fram að á haustönn, meðan sund er kennt, eru nemendur í 1. og 2. bekk með 32 kennslustundir á viku sem eru tvær stundir umfram tilskilinn kennslustundafjölda. Þegar upp er staðið þá fá nemendur eina kennslustund umfram viðmiðunarstundaskrá yfir skólaárið. Nemendur 6. og 7. bekkjar eru með 37 kennslustundir á viku sem eru einnig tvær stundir umfram viðmiðunarstundaskrá á haustönn og verður að jafnaði ein stund umfram tilskilinn kennslustundafjölda skólaársins. Sambærilegt staða er hjá nemendum í 8., 9. og 10

bekk en þar eru kennslustundir á viku þremur fleiri hjá 8. bekk og fjórum fleiri hjá 9. og 10. bekk á haustönn þannig að þessir nemendur fá að jafnaði fleiri kennslustundir á viku en viðmiðin segja til um.

Þegar horft er til skiptingar námsgreina á stundaskrá kemur fram að það vantar upp á tímafjölda list- og verkgreina á öllum stigum.

Í matinu eru kennslustundir skráðar út frá námsathöfnum nemenda sem snúa að sjálfstæðu námi (einstaklingsvinnu), samvinnu eða blöndu af hvoru tveggja. Aðstæður í skólanum eru þannig að kennslan fer fram í tveimur fámennum samkennsluhópum. Þrátt fyrir að vera með nokkra árganga saman sáu matsaðilar að kennarar skipulögðu verkefni sem hægt var að vinna með hópnum í heild þar sem allir nemendur í 6.–10. bekk fengust við ögrandi viðfangsefni á forsendum hvers og eins. Einnig nýttu kennarar sér að hafa innlögn yfir hópinn þótt allir væru ekki á sama stað. Nemendur sögðust vinna saman í pörum, tala saman um námið og nýta félagastuðning. Á vettvangi mátti heyra að samræður margra nemendanna fara mikið fram á ensku, hvort heldur um námið eða önnur málefni.

Við samkennslu árganga er hætta á að innlögn fari fyrst og fremst fram einstaklingslega og verði einhæf og einvörðungu munnleg þar sem kennari nýtir ekki kennslugögn eða tækni sem annars væri gert. Við það skapast síður námssamræða milli kennara og nemenda og nemenda í milli. Mikilvægt er fyrir kennara að hafa þetta í huga og kenna einnig nemendum að takast á við verkefni í pörum eða smærri hópum. Annað sem fámennið getur skapað er að viðmið um árangur verði skekkt, þannig að gerðar séu of litlar kröfur til náms og framfara. Sérstaklega er hætta á því ef námsvísar og kennsluáætlanir eru ekki skilmerkilega fram settar með tengingu í aðalnámsskrá.

Lítill upplýsingatækninotkun sást meðan á matinu stóð, einn nemandi notaði tölvu í einum tíma og kennari í einum tíma. Nemendur nefna í viðtali að þeir hafi aðgang að fartölvum og nýti þær við námið. Kennarar nefna að verið sé að reyna að flétta upplýsingatækni saman við annað nám en tækniþekking kennara sé ekki nógu góð að þeirra mati.

Tengsl við grenndarsamfélagið eru í gegnum gróðursetningu annars vegar við tjaldstæði þar sem skól- inn hefur tekið þátt í skjólbeltagerð og hins vegar gróðursetja nemendur sitt merкта tré fyrir ofan þorp- ið. Samskipti við fyrirtæki í bænum eru lítil að sögn skólustjóra þar sem heimsóknir þangað eru ekki leyfðar sökum gæðakrafna.

## 2.5 Námsvitund

Nemendur voru áhugasamir, virkir í kennslustundum, fást við fjölbreytt og krefjandi viðfangsefni sem stuðla að virkri þátttöku og rökhugsun. Nemendur læra að meta gæði vinnu sinnar og taka þátt í að meta eigin framfarir.

Fram kom hjá kennurum að nemendur setji sér markmið, bæði námsleg og félagsleg. Hjá nemendum kom fram að þeir tengja markmiðssetninguna ekki beint hæfniviðmiðum aðalnámsskrár. Nefndu þeir að undanfarið hafi verið farið að ræða um markmið námsgreina sem er í þeirra námsvísu.

## 2.6 Ábyrgð og þátttaka

Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af samheldni og virðingu. Starfsfólk og nemendur koma vel fram og taka tillit til annarra.

Nemendur eru hafðir með í ákvörðunum sem snerta þá og hafa tækifæri til að ræða málefni sín með samnemendum. Í rýnihópi nemenda kom fram að þeir töldu sig geta haft áhrif á skólastarfið, lagt fram óskir sínar og að á þá sé hlustað. Allir nemendur eldri deildar mynda nemendaráð skólans en nemendur eiga ekki fulltrúa í skólaráði þar sem það er ekki til staðar. Könnun á líðan nemenda er gerð með

Skólapúlsinum. Svör nemenda eldri deildar Súðavíkurskóla fyrir skólaárið 2021–2022 eru í flestum þáttum innan tölfræðilegra marka álíka og annarra nemenda er svara Skólapúlsinum. Nemendur skólans hafa marktækt meiri ánægju af lestri og náttúrufræði en aðrir nemendur er svara könnuninni. Einnig er samband þeirra við kennara marktækt betra en annarra nemenda og virk þátttaka í tímum og tíðni leiðsagnarmats meiri hjá nemendum Súðavíkurskóla.

#### Styrkleikar

- Kennsludagar nemenda og kennslustundir eru umfram skyldu.
- Kannanir eru nýttar til að fylgjast með viðhorfum og árangri nemenda.
- Markvisst er fylgst með árangri nemenda og hann skráður.
- Kennarar sýna fagmennsku við kennslu og bekkjarstjórnun.
- Náms tími nemenda er vel nýttur og verkefni fjölbreytt.
- Nemendur eru virkir í kennslustundum.
- Ánægja ríkir meðala nemenda með fyrirkomulag kennslu.
- Samband nemenda og kennara er gott.
- Nemendur upplifa að þeir geti haft áhrif á skólastarfið og að hlustað sé á skoðanir þeirra.
- Ánægja nemenda af lestri og náttúrufræði er yfir landsmeðaltali.

#### Tækifæri til umbóta

- Tryggja lögbundinn kennslustundafjölda í list- og verkgreinum á öllum aldurstigum.
- Birta námsvísa á heimasíðu skólans.
- Gera betur grein fyrir hæfniviðmiðum aðalnámskrár í áætlunum og tengingu þeirra við nám nemenda.
- Gera nemendum ljós námsmarkmið, viðmið um árangur og tengingu þeirra við markmið aðalnámskrár.
- Námsáætlun nemanda sé í samræmi við námsstöðu hans hverju sinni.
- Skrá í einstaklingsnámskrár hvenær endurmeta á stöðu nemenda.
- Huga að því að kennsla byggji á kennsluaðferðum sem leiða til samtals og samvinnu nemenda um námið.
- Aðgreina í námsmati þá þætti sem ekki tengjast hæfniviðmiðum námskrár, svo sem mætingu og hegðun.
- Viðmið um námsárangur nemenda sé í samræmi við aðalnámskrá.
- Efla tæknikunnáttu kennara.



## Þáttur 3 – Innra mat

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

### 3.1 Skipulag

Innra mat skólans uppfyllir að mörgu leyti þau viðmið sem metin eru. Litið er á framkvæmd innra mats og umbætur í kjölfar þess sem mikilvægt og sjálfsgagt. Skólastjóri telur vinnuna við innra mat vera hluta af faglegu starfi skólans og að það sé hvati til ígrundunar.

Í skólanámskrá er viðamikill kafli helgaður innra mati þar sem meðal annars er gerð grein fyrir skipulagi og framkvæmd. Settar eru fram helstu leiðir sem farnar eru við innra mat, niðurstöður matsins koma þar fram og fyrir liggur heildaráætlun um innra mat til ársins 2023. Niðurstöður innra mats er ekki að á finna á heimasíðu skólans.

Ekki fer fram markvisst mat á kennslu eða fagmennsku kennara, mat á þróunarvinnu eða kennslu-háttum.

### 3.2 Framkvæmd

Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnanda. Matið er fyrst og fremst unnið af kennurum og koma nemendur og foreldrar ekki að matsteyminu. Skólinn hefur komið sér upp fjölbreyttum aðferðum við gagnaöflun í innra mati og nýtir meðal annars Skólapúlsinn fyrir nemendur og foreldra, viðtöl við starfsfólkið, niðurstöður samræmdra könnunarprófa og leggur eigin kannanir fyrir foreldra.

### 3.3 Umbætur

Í greinargerð um innra mat í skólanámskrá kemur fram að þeir þættir sem metnir voru árið 2020-2021 eru: samstarf heimila og skóla og upplýsingamiðlun, nám og námsárangur, fagmennska og samstarf ásamt stjórnun skólans. Sett eru fram viðmið fyrir hvern þátt og getið er um styrkleika og helstu tækifæri til umbóta fyrir hvern metinn þátt. Hvorki kemur fram tenging umbóta við símenntunaráætlun né er sett fram tímasett umbótaáætlun. Umfjöllun um að hve miklu leyti þau markmið sem sett voru í fyrri umbótaáætlunum er ekki að finna í gögnum um innra mat.

Umfjöllun um innra mat skólans uppfyllir eins og fram hefur komið flest atriði sem þarf að hafa við innra mat. Ekki er um heildstæða umbótaáætlun að ræða. Betur færi á að setja umfjöllun um innra mat fram í aðgreindri skýrslu.

Niðurstöður innra mats eru kynntar kennurum og starfsfólki á fundum og að sögn kennara eru foreldrum kynntar niðurstöður á foreldrafundum. Foreldrar sem rætt var við muna eftir að hafa tekið þátt í könnunum tengdum innra mati en kannast ekki við að fá upplýsingar um niðurstöður.

Í skýrslu um ytra mat á Súðavíkurskóla frá 2010 er meðal annars nefnt að samræma þurfi skólanámskrá leik- og grunnskóla og að gefa þurfi út árlega sjálfsmatsskýrslu leik- og grunnskóla og aðgerðaáætlun.

#### Styrkleikar

- Innra mat er talið mikilvægt til eflingar faglegu skólastarfi.
- Skólinn nýtir fjölbreytt gögn við innra mat.
- Gerð er grein fyrir innra mati með umfjöllun um styrkleika og tækifæri til umbóta.

#### Tækifæri til umbóta

- Birta umfjöllun um innra mat í sérskýrslu.
- Skipa teymi um innra mat með fulltrúum allra aðila skólasamfélagsins.
- Gera fyrri greinargerðir um innra mat opinberar.
- Vinna árlega greinargerð út frá niðurstöðum innra mats þar sem fram kemur mat á framgangi umbóta frá fyrra ári.
- Birta símenntunaráætlun.
- Gera heildstæða umbótaáætlun og tengja hana markvisst við símenntunaráætlun.